

Neyðarlínan ohf  
Þórhallur Ólafsson,  
framkvæmdastjóri  
Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
17. mars 2014 10.5.4	
Tilv.	_____



Reykjavík, 17. mars 2014  
Tilvísun: UST20140300137/bs

### Fyrirhuguð strenglög við Hlaðseyri í Arnarfirði. Umsögn

Vísað er til erindis Neyðarlínunnar ohf dags. 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Frá Hlaðseyri er ráðgert að plægja niður jarðstreng um 200 m leið að jarðstreng Orkubús Vestfjarða sem liggur skammt sunnan Vestfjarðavegar.


Framkvæmdasvæðið er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskoru fjalllendi. Framhlaup og jökulminjar.“

Ráðgert er að plægja umræddan streng niður. Mikil reynsla er komin á framkvæmdir af þessu tagi. Það er álit framkvæmdaaðila að ummerki um framkvæmdina verði lítil og að þau hverfi algerlega á fáum árum.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá. Stofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að standa vel að framkvæmdinni þannig að ummerki verði sem minnst.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur